

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/2004 um fresti lögaðila, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, til að skila framtölum vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004/2005 á tekjur reikningsársins og eignir í lok þess.

1. gr.

Þeir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok þess reikningsárs sem hófst á árinu 2003 eða síðar og lýkur á árinu 2004.

2. gr.

Um önnur atriði um skattskil og form framtala gilda ákvæði auglýsingar ríkisskattstjóra nr. 4/2004 sem birt var 22. janúar 2004.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. gr. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignar-skatt, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. maí 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.